

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 13. júlí 2023 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Víðiholt 1-3, óveruleg breyting deiliskipulags Víðiholts.

Breytingin gerir ráð fyrir breyttum lóðamörkum Víðiholts 1 og 3. Bílastæðalóðir eru felldar út úr skilmálum og lóðir við Víðiholt 1 og 3 stækka til norðurs. Bílastæðum inni á lóðum Víðiholts 1 og 3 fjölgar.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 15. júní 2023 eftirfarandi:

Holtsvegur 20, deiliskipulagsbreyting, 1. áfangi norðurhluta Urriðaholts.

Breytingin gerir ráð fyrir að aðkoma að byggingunni breytist. Í stað aðkomu á efri hæð verður aðkoma að neðri hæð. Kennisnið breytist til samræmis við breytta aðkomu. Hámarkshæð byggingar lækkar úr 10 metrum í 9 metra. Byggingarreitur breytist. Hæð sem kallast kjallari breytist í aðkomuhæð (1. hæð), hæð sem kallast aðkomuhæð breytist í 2. hæð. Snið D-D í greinargerð með deiliskipulagi breytist og sýnir aðkomuhæð í 49,00 m.y.s. Byggingarreitur neðri hæðar er óbreyttur, en byggingarreitur efri hæðar minnkar og tekur nú aðeins til nyrsta hluta byggingarreits. Tafla í greinargerð sem sýnir stærðir lóðar og byggingarreits breytist þar sem að byggingarreitur efri hæðar minnkar verulega. Málslíður í texta greinargerðar um áætlaða stærð byggingar er felldur út og í stað málslíðar þar sem gert er ráð fyrir 100 barna leikskóla kemur nýr málslíður þar sem segir að um sex deilda leikskóla fyrir 100-120 börn verði að ræða.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. júlí 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 14. júlí 2023